

Nd.

438. Frumvarp til laga

[232. mál]

um lækun tolla á heimilisvélum.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. grein laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl., verði þannig:

Nr.	Heiti	Tollur	Tollur
84.15	20 Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, ekki rafmagns- knúin .....	verði 30%	nú 80%
84.15	31 Kælitæki, rafknúin .....	30%	80%
84.15	39 Varahlutir í kælitæki .....	20%	50%
84.18	21 Þeytivindur til þurrkunar á þvotti .....	30%	80%
84.18	24 Varahlutir .....	20%	50%
84.19	01 Uppþvottavélar .....	30%	80%
84.19	03 Varahlutir í þær .....	20%	50%
84.40	12 Strokvélar .....	30%	80%
84.40	14 Varahlutir í þær .....	20%	50%
84.40	21 Fatþvottavélar .....	30%	80%
84.40	29 Varahlutir í þær .....	20%	50%
85.06	01 Ryksugur .....	30%	80%
85.06	02 Hrærivélar .....	30%	80%
85.06	03 Aðrar rafknúnar eldhúsvélar .....	30%	80%
85.06	04 Varahlutir .....	20%	50%
85.06	09 Önnur rafknúin búshöld .....	30%	80%
85.12	01 Rafmagnseldavélar, bökunar- og steikarofnar .....	30%	80%
85.12	03 Rafmagnshellur .....	30%	80%
85.12	04 Rafmagnsstrokjárn .....	30%	80%
85.12	09 Annað .....	30%	80%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa flestar stéttir tryggt sér stytta og hagfelldari vinnutíma. Ein stærsta stétt þjóðfélagsins, húsmæðurnar, hefur hins vegar ekki fylgt með í þessari þróun. Þvert á móti má segja, að vinnutími margra þeirra hafi lengzt. Nú er t. d. miklu örðugra fyrir heimilin að fá vinnuhjálp en áður. Jafnhliða þessu hafa svo störf húsmæðra orðið á ýmsan hátt fjölbættari en áður var. Afleiðing þessa alls er sú, að ekki hafa nú aðrir þegar þjóðfélagsins erfiðari og lengri vinnutíma en húsmæðurnar, þótt þeim sé ætlað að annast þær stofnanir, sem þjóðfélaginu er mikilvægast að reynist vel og raunverulega eru þýðingarmesta undirstaða allra annarra stofnana þess, en hér er að sjálfsögðu átt við heimilin.

Þess er rétt að geta, að á síðustu árum hafa komið til sögu ýmsar heimilisvélar, sem bæði draga úr vinnu og erfiði. Lögjafinn hefur hins vegar litið svo furðulega á, að þessar vélar ætti að tolleggja sem lúxusvörur. Þess vegna eru nú mörg heimili alls ekki búin eða verr búin þessum vélum en vera skyldi, og það oft þau, sem hafa einna mesta þörf fyrir þær.

Á heimilisvélum þær, sem þetta frv. fjallar um, leggst nú 80% innflutningstollur og 50% tollur á varahluti í þær. Ofan á þetta bætist svo 11% söiuskattur. Hér er því um gífurlegar álögur að ræða. Í frv. er lagt til, að tollurinn á vélunum lækki í 30% og á varahlutum í 20%. Þetta mundi lækka þær verulega í verði. Æskilegt væri að lækka tollana enn meira, en ekki þykir líklegt, að meiri lækun fái fram að sinni.

Því ber að treysta, að Alþingi telji störf húsmæðra svo þýðingarmikil, að hætt verði að tolleggja sem lúxusvörur vélar og tæki, er létta þeim erfiðustu störfun og stytta langan vinnutíma þeirra.